

## AUGLÝSING

### um byggingariðnaðargjald.

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og fyrirmæli í samræmi við þau ákvæði, skal við tollafgreiðslu greiða sérstakt  $\frac{1}{2}\%$  aðflutningsgjald af tollverði neðangreindra vara, og rennur gjald þetta til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins:

Tollskrár-  
númer

25.23.00 Portlandssement, alúminatsement, slaggssement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.

44.01.00—  
44.08.00  
44.13.11—  
44.17.00

} Trjáviður í þessum tollskrárnúmerum.

73.10.19 }  
73.10.21 } Steypustyrktarjárn.  
73.10.22 }

Byggingariðnaðargjaldið skal innheimt af framangreindum vörum, sem mótteknar eru til tollmeðferðar 1. júlí 1965 og eftir það.

*Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1965.*

**Sigtr. Klemenzson.**

Björn Hermannsson.

18. júní 1965.

Nr. 138.

## AUGLÝSING

### um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt gerðum samþykktum bæjarstjórnar Ísafjarðar og ákvörðun lögreglustjóra, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga frá 2. maí 1958, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi:

Aðalbrautir:

1. Fjarðarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Sólgötu, en þar er stöðvunarskylda.
2. Aðalstræti, frá Batahöfn að Silfurtorgi. Biðskylda er við Sundstræti, þar sem það liggur að því.
3. Hafnarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Austurveg, Pólgötu, Mjallargötu, Sólgötu og Túngötu, en þar er stöðvunarskylda.
4. Seljalandsvegur. Stöðvunarskylda er við Urðarveg, Engjaveg, Múlaveg og Tungudalsveg.
5. Urðarvegur: Stöðvunarskylda er við Seljalandsveg.
6. Hlíðarvegur. Stöðvunarskylda er við Seljalandsveg—Hafnarstræti.

Einstefnuakstur er við þessar götur:

1. Silfurgötu frá Silfurtorgi að Sundstræti.
2. Þvergötu frá Brunngötu að Sundstræti.
3. Skipagötu frá Sundstræti að Aðalstræti.
4. Smiðjugötu frá Silfurgötu að Þvergötu.

Akstur er bannaður gegnum Aðalstræti frá Silfurtorgi á Austurveg. Biðskylda er við Austurveg og Aðalstræti.

Bifreiðastöður hafa verið bannaðar í þessum götum:

1. Hafnastræti frá Silfurtorgi að Pólgötu, austan megin götunnar, og beggja vegna götunnar frá Silfurtorgi og upp fyrir Smjörlikisgerðina, frá Austurvegi að Pólgötu.
2. Fjarðarstræti, beggja vegna götunnar, frá Hrannargötu að Mjallargötu.
3. Austurvegur, framan við húsin nr. 1.—2.
4. Aðalstræti, frá Silfurtorgi að Bræðaborg, sunnan megin götunnar, og frá Ausurvegi að Silfurtorgi, sunnan megin götunnar.
5. Pólgötu, vestan megin götunnar.

Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

*Bæjarfógetunn á Ísafirði, 18. júní 1965.*

**Jóhann Gunnar Ólafsson.**

## REGLUGERÐ

um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

### 1. gr.

Gjöld samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skulu innheimt við tollafgreiðslu. Skulu gjöld þessi innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum jeppabifreiðum samkvæmt nr. 87.02.37 í tollskrá, almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

### 2. gr.

Gjöldin af gjaldskyldum bifreiðum eru ákveðin 125% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný. Gjöld af bifhjólum eru á sama hátt ákveðin 25% af fob-verði.

### 3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3. tonna sendibifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 30% gjald af fob-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (95%) með skuldabréfi. Þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur framangreindra bifreiða að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 65% gjald af fob-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (60%) með skuldabréfi.